

## Hagnýting vindorku – fræðsluferð til Noregs

*Sendiráð Íslands í Noregi í samstarfi við Grænvang auk fjölda samstarfsaðila í Noregi standa saman að skipulagningu vettvangs- og fræðsluferðar til Noregs um hagnýtingu vindorku dagana 25-28. apríl næstkomandi.*

Markmið ferðarinnar er að veita innsýn í vindorkumál í Noregi og varpa ljósi á ólík viðfangsefni allt frá stefnumótun og löggjöf til innleiðingar og reksturs frá sjónarhorni ólíkra hagaðila. Fjallað verður um samspili atvinnugreina, áskoranir og tækifæri sem og mikilvægi samstarfs hagaðila við hagnýtingu vindorku. Hvað getum við Íslendingar lært af norska módelinu sem gagnast vinnunni fram á veg hér heima?

Unnið er að mótun endanlegrar dagskrár en hér eru birt fyrstu drög. Ætla má að dagskrá taki einhverjum breytingum þegar nær dregur.

### **Priðjudagur 25. apríl í Osló**

Flug Keflavík – Osló með Icelandair.

Rúta frá Gardemoen til Odal [vindgarðsins](#).

Kynning frá Fornybar Norge og skoðunarferð um Odal Vindpark.

Rúta á hótél í Osló – gist eina nótt.

### **Miðvikudagur 26. apríl í embættisbústað Íslands á Bygdøy í Osló**

Kynningar frá lykilaðilum í norsku vindorku umhverfi;

- Olje og energi departementet (Energiloven (1991), Energiloven og energieffektivisering (2008-2009)).
- NVE, Noregs vassdrags- og energidirektorat (Nasjonalramme for vindkraft på land (2019), Meld.St. 28 Vindkraft på land – Endringer i konsesjonsbehandlingen (2019-2020)).
- Kommunal- og distrikts departementet (Plan- og bygningsloven).
- Energikommisjonen.
- [KS](#)- Kommunalsektor.
- Innovasjon Norge, [Virke – reiseliv](#).

Áframhaldandi kynningar frá ólíkum aðilum í norsku vindorkuumhverfi – aðilar sem hafa sýnt móttöku áhuga eru meðal annars:

- Norsk-íslenska viðskiptaráðið.
- EFLA.
- Fornybar Norge (Samorka í Noregi).
- Zephyr.
- Statkraft (Landsvirkjun Noregs).
- Statnett (Landsnet Noregs).
- [Vestas](#).
- [Cicero Shades of Green](#).
- [Zero](#).

**Flug frá Oslo til Stavanger í lok dags lent kl. 21:20 með SAS – gist í tvær nætur.**

### **Fimmtudagurinn 27. apríl og föstudagurinn 28. apríl í Stavanger**

Dagskrá og heimsóknir á vindorkusvæði í mótun í samstarfi við Innovasjon Norge og Reyni Jóhannesson hjá Lyse. Aðilar sem fyrirhugað er að heyra frá eru meðal annars:

- Innovasjon Norge.

- Fylkeskommunen Rogaland.
- [Agder forskning.](#)
- [Naturvernforbundet Rogaland.](#)
- [Lyse.](#)
- [Eviny.](#)
- [Å Energi.](#)
- [Nysnø.](#)
- [ENOVA.](#)

**Flug heim um kvöldið frá Stavanger með tengiflugi og Icelandair brottför frá Stavanger kl. 18:50-lent í Keflavík 23:00.**

### Kostnaður

Sendiráð Íslands í Noregi mun annast allt skipulag ferðarinnar í samstarfi við þarlenda aðila en Grænvangur mun vera tengliður þátttakenda í aðdraganda ferðarinnar og annast innheimtu.

Allur kostnaður af ferðinni greiðist af þátttakendum. Þar sem endanlegur kostnaður ræðst af fjölda þátttakenda er að svo stöddu ekki hægt að gefa út endlegt verð. Þátttakendum gefst kostur á að nýta sér hópafargjald Icelandair (sjá neðan) ef þeir bóka og greiða fyrir 16. mars og greiða þá flugfargjaldið fyrirfram en að öðrum kosti skipuleggja þátttakendur sitt eigið flug. Gistikostnað greiða þátttakendur sjálfir í ferðinni en skipuleggjendur munu sjá um hótélbókunina. **Annar sameiginlegur ferðakostnaður sem og innanlandsflug í Noregi verður innheimt af Grænvangi að ferð lokinni en ætla má að heildarkostnaður fyrir gistingu, rútufurðir, innanlandsflug og kostnaður við skipulag og utanumhald í Noregi nemi um 8.500-10.000 NOK).**

### Flugbókun

Til að tryggja sé að allir fái flugsæti í ferðina á tilsettum dagsetningum erum við búin að taka frá hópabókun hjá Icelandair. **Þeir sem ætla að nýta sér þessi flugsæti verða að ganga frá staðfestingargjaldi strax við skráningu og greiða lokagreiðslu til Icelandair eigi síðar en 16.3 næstkomandi.** Að öðrum kosti skipuleggja þátttakendur sjálfir flugin sín.

**Hópafargjald með Icelandair kr. 65.600 kr** (innanlandsflug til Stavanger er ekki innifalið)

FI 318	24APR	KEFOSL	0750 1235
SK1879	28APR	SVGCPH	1850 2000
FI 213	28APR	CPHKEF	2140 2300

Þeir sem hyggast nýta sér ofangreinda hópabókunina munu fá sendan skráningarlink með upplýsingum um greiðslufyrirkomulag eftir að þeir skrá sig í ferðina og hafa valið þennan valkost. Þeir sem bóka eftir 16. mars eða vilja ekki nýta sér hópafargjaldið eru á eigin vegum til og frá Noregi.